S T Y K K I S H Ó L M S B Æ R

Alþingi
Erindi nr. Þ 112 /863
komudagur 09 /04 1990

Stykkishólmi 3/4 1990

Sjávarútvegsnefnd,
Efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu
150 Reykjavík.

Atvinnumálanefnd Stykkishólms hefur fjallað um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Nefndin gerir athugasemd við 9. grein þar sem segir:

"  Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því, að heildaraflaverðmæti skipa sem viðkomandi sérveiði stundar, hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðal aflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag. "

Atvinnumálanefndin telur að meðalfrávik 20% sé of hátt. Þeir bátar sem stunda hörpudiskveiðar hafa allir haft aflamark úr botnfiskkvóta sem hefur verið skertur á móti skelveiði.

Þann tíma sem skelveiðar hafa verið stundaðar frá Stykkishólmi, hafa verið miklar sveiflur í verðmæti, afla og afkomu.

Það er því mikilvægt að skerðing á botnfiskkvóta sé ávalt í samræmi við verðmæti, en ekki háð mati ráðherra.

~~Virðingar~~fyllst,

Bæjarstjórinn í Stykkishólmi
Sturla Böðvarsson.

AÐALGÖTU 8, 340 STYKKISHÓLMI, SÍMI 93-81136, KENNIT. 620269-7009